

Hugmyndir um viðbætur við reikniverk,
jaðarbúnað og hugbúnað PDP 11/34A tölvu
Orkustofnunar

Ásmundur Jakobsson

Greinargerð ÁJ-80/02

HUGMYNDIR UM VIÐBÆTUR VIÐ REIKNIVERK, JAÐARBÚNAÐ OG HUGBÚNAÐ
PDP 11/34A TÖLVU ORKUSTOFNUNAR

1. DD11-DK Viðbótargrind.

Plötunum, sem geyma rafrásir tölvunnar er stungið í grindina en í henni eru vírar, sem tengja plöturnar hverja við aðra og við straumgjafa. Grindin, sem tölvan kom í er þegar full og þarf því að fá viðbótargrind ef á að kaupa fleiri rásir.

Verð CIF Reykjavík D.kr. 6.433,-

I.kr. 970.000,-

Uppsetningarkostnaður I.kr. 100.000,-

Afgreiðslutími 4 mánuðir.

2. FP-11A Floating Point Processor.

Þessi eining tífaldað hraða við útreikning á kommutölum, en verkefni þau, sem Orkustofnun leysir í tölvu nota kommutölu-reikninga mjög mikið.

Verð CIF Reykjavík D.kr. 23.410,-

I.kr. 3.530.000,-

Afgreiðslutími 6 mánuðir.

3. IMSL Mathematical Subroutine Library eða

NAG Subroutine Library

Þessi undirforritasöfn bjóða upp á lausnir á mörgum algengum stærðfræðivandamálum bæði í vektoralgebru, statistik, nálgun falla og fleiru, IMSL virðist byggjast á FORTRAN IV-PLUS en NAG nærir FORTRAN IV.

Leiguverð: IMSL 1400 Bandaríkjadalir á ári

NAG 850 Sterlingspund á ári

4. KK-11A Hraðminni fyrir PDP 11/34A.

Þetta minni geymir afrit af 2 þúsund af þeim 248 þúsund bytum, sem aðalminnið geymir. Þegar tölvan á að sækja tölu í minni leitar hún fyrst í hraðminni og sparar sér mikinn tíma ef talan finnst þar. Annars er talan sótt í aðalminni og afrit af henni skrifað ofan í hraðminnið. Vinnuhraði vélarinnar eykst að jafnaði um 60 prósent.

1980-09-12

Verð CIF Reykjavík D.kr. 31.300,-
I.kr. 4.723.000,-
Afgreiðslutími 6 mánuðir.

5. Tektronix 4025 Teikniskjár.

Til að skoða myndir á fljótvirkari hátt en með teiknivél, sem notar pappír og penna.

Verð FOB Guernsey (júlí 1978) \$ 9200
I.kr. 7,5 M

6. FORTRAN IV-PLUS.

Þessi þýðari býr til fljótvirkari vélarmálsforrit heldur en FORTRAN IV. Hann býður upp á reikninga með 32 bita heiltölum í stað aðeins 16 bita í FORTRAN IV. Entry setningar eru leyfðar í undirforritum og innbyggð föll eins og logarithmar og hornaföll finna sjálf hvort stærðirnar, sem þeim eru gefnar eru heiltölur, kommutölur með einfaldri eða tvöfaldri nákvæmni eða komplexar.

Verð CIF Reykjavík D.kr. 35.860,-
I.kr. 4.000.000,-
Afgreiðslutími 3 mánuðir.